

## REGLUR

### um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Í samræmi við þingsályktun nr. 13/144, um Jafnréttissjóð Íslands, sbr. þingsályktun nr. 19/149, um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144, er starfræktur sérstakur sjóður, sem nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 2016-2020. Tilgangur sjóðsins er að fjármagna eða styrkja verkefni og rannsóknir sem miða að því að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu.

#### 2. gr.

##### *Stjórn og skipulag.*

Ráðherra jafnréttismála skipar sjóðstjórn til ársloka 2020, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Einн skal tilnefndur af Samstarfsnefn háskólastigsins, einн af Jafnréttisstofu og einн án tilnefningar sem jafnframt er formaður sjóðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Sjóðstjórn annast mat á umsóknum um styrki. Stjórnin setur sér starfsreglur eftir því sem þurfa þykir.

Stjórnsýsla Jafnréttissjóðs Íslands, þ.m.t. varsla sjóðsins og dagleg umsýsla hans, er hjá Rannís, Rannsóknarmiðstöð Íslands.

Sérfræðingur á skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu er tengiliður við stjórn sjóðsins og Rannís vegna starfsemi sjóðsins.

#### 3. gr.

##### *Fjármunir og greiðsluáætlun.*

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 100 milljónir króna fyrir hvert starfsár samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum. Sjóðstjórn semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við umsýlu hans, fjölda styrkveitinga og fjárhæð þeirra. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins er greiddur úr honum.

#### 4. gr.

##### *Styrkveitingar.*

Styrkir Jafnréttissjóðs Íslands eru veittir einu sinni á ári og skal úthlutun fara fram 19. júní ár hvert. Sjóðstjórn ákveður fjölda styrkja og skulu þeir að jafnaði vera á bilinu 10-25 ár hvert. Að megininstefnu til skulu styrkirnir veittir til verkefna og rannsókna á þeim sviðum sem tilgreind eru í þingsályktun nr. 13/144, um Jafnréttissjóð Íslands, sbr. þingsályktun nr. 19/149, um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144.

#### 5. gr.

##### *Auglýsing um styrkveitingar.*

Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Í auglýsingu skal tilgreina þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og fyrir hvaða tíma þær skuli berast sjóðnum. Í starfsreglum stjórnar Jafnréttissjóðs er kveðið nánar á um efni auglýsingar.

#### 6. gr.

##### *Skyldur styrkþega.*

Styrkþegar skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar. Verði breyting á framvindu verkefnis eða rannsóknar skulu styrkþegar tilkynna sjóðstjórn skriflega þar um. Stjórnin tekur afstöðu til þess hvort breyting á framvindu hafi áhrif á styrkveitingu verkefnis eða rannsóknar. Verði misbrestur á eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu ekki uppfyllt er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins. Sé styrks ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar fellur hann niður. Niðurstöður verkefna og rannsókna sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum sjóðstjórnar.

Nr. 340

10. apríl 2019

7. gr.

*Meðferð umsókna.*

Farið er með allar umsóknir og fylgigögn sem trúnaðarmál. Upplýsingar um verkefni og reikninga skulu undanþegnar trúnaðarskyldu nema trúnaðar sé sérstaklega óskað og sjóðstjórn samþykki. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

8. gr.

*Reikningar og endurskoðun.*

Reikningsár Jafnréttissjóðs Íslands er almanaksárið. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga sjóðsins.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 365/2016 og 965/2016, um úthlutun styrkja úr Jafnréttissjóði Íslands.

*Forsætisráðuneytinu, 10. apríl 2019.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2019